



MEDITATIO II

music for mixed choir

SCHOLA CANTORUM
HÖRÐUR ÁSKELSSON



Daniel Elder (b. 1986)

- 1 **Elegy** after 'Taps' by Daniel Adams Butterfield (*GIA Publications*) 4'23
Text: Horace Lorenzo Trim (attr.)

Auður Guðjohnsen (b. 1975)

- 2 **Ave verum corpus** (2019) (*Iceland Music Information Centre*) 3'18
Text: Eucharistic hymn, 14th century

Galina Grigorjeva (b. 1962)

- 3 **In paradisum** (2012) (*Estonian Music Information Centre*) 3'26
Text: Latin antiphon

Hreiðar Ingi Þorsteinsson (b. 1978)

- 4 **Lux æterna** (2018) (*Thorsteinsson Publishing*) 6'08
Text: from the Requiem Mass

Haukur Tómasson (b. 1960)

- 5 **Vor hinsti dagur** (2004) (*Iceland Music Information Centre*) 2'25
Text: Halldór Laxness

Ola Gjeilo (b. 1978)

- 6 **Sanctus: London** (2008) (*Walton Music*) 4'27
Text: from the Ordinary of the Mass

- Póra Marteinsdóttir** (b. 1978)
- 7 **Nú legg ég þér í lófa** (2011) *(Iceland Music Information Centre)* 2'30
Text: Sigurbjörn Einarsson / Julie Hausmann
- Paul Mealor** (b. 1975)
- 8 **Ubi caritas** (2011) *(Novello & Co.)* 4'02
Text: Gregorian chant
- Trad., arr. Hafsteinn Þórólfsson** (b. 1977)
- 9 **Sofðu unga ástin mín** *(Manuscript)* 4'09
- Björn Thorarensen** (b. 1962)
- 10 **Agnus Dei** *(Manuscript)* 4'00
Text: from the Ordinary of the Mass
- Sigurður Sævarsson** (b. 1963)
- 11 **Ave verum corpus** (2018) *(Iceland Music Information Centre)* 3'57
Text: Eucharistic hymn, 14th century
- Trad., arr. John Hearne** (b. 1937)
- 12 **Fagurt er í fjörðum** (1969) *(Longship Music)* 2'40
Text: Björg Einarisdóttir (Látra-Björg)

Paweł Łukaszewski (b. 1968)

- 13 **Nunc dimittis** (2007) *(Chester Music)* 4'29
Text: Luke 2:29–32

Pärt Uusberg (b. 1986)

- 14 **In paradisum** (2016) *(Estonian Music Information Centre)* 3'53
Text: Latin antiphon

Eric Whitacre (b. 1970)

- 15 **Sleep** (2000) *(Walton Music)* 5'16
Text: Charles Anthony Silvestri

TT: 61'20

Schola Cantorum Reykjavicensis

Hörður Áskelsson *conductor*

In 2016, the Icelandic chamber choir Schola Cantorum released *Meditatio*, a disc with music that it has performed at All Saints' Day concerts over the years, commemorating the departed. The programme of this new recording similarly contains compositions that interpret man's thoughts and feelings about death, some with age-old texts from the Requiem liturgy of the church, others with more modern lyrics, and casting a comforting light of hope on sorrow and bereavement. With one exception, the pieces are written in the 21st century, and they originate in America and Europe. Seven Icelandic composers are represented, five of them current or former members of Schola Cantorum.

Daniel Elder is one of the most interesting young choral composers in the United States. He says about his works: 'In my writing I seek to avoid the common focus on "my voice" – rather I attempt to tap the emotions a poet once put into words.' *Elegy* from 2013 is based on 'Taps', a bugle call that is traditionally performed at funerals and commemorative services conducted by the United States Armed Forces. In Elder's piece this simple tune, based entirely on the tones of the major triad, can be heard sung by three solo sopranos. It is thought to have been composed in 1862 by Daniel Butterfield (1831–1901), a Union general in the American Civil War; the text was written at a later date, probably by Horace Lorenzo Trim (1849–1915).

The first representative of the choir members among the composers of the programme is **Auður Guðjohnsen**, a professional singer, choir director and music teacher who has also written a number of choir pieces. In 2019 she composed a setting of the 13th-century Latin Eucharistic chant *Ave verum corpus*, a passionate appeal to Jesus Christ at the hour of death. 'The music came quite quickly to me, in one or two days', Auður says, 'although the arrangement of the material took longer.' As in several of the other compositions on this disc, echoes of music of times gone by blend with mildly modern idioms.

Ukrainian composer **Galina Grigorjeva** was born in Simferopol in the Crimea but lives and works in Estonia. Her compositions, vocal and instrumental alike, are inspired by Slavonic vocal tradition, the music of the Orthodox Church and medieval polyphony. *In paradisum* from 2012 is set to an antiphon from the traditional Latin liturgy of the Requiem Mass sung as the body is being taken out of the church. This text has long been

a favourite of composers with its evocative language mentioning a choir of angels greeting the soul in Paradise.

The composer of the next piece seeks inspiration from the same part of the world as Galina Grigorjeva. **Hreiðar Ingi Þorsteinsson** studied music and choir conducting in Finland and Estonia and has placed great emphasis on the performance of Eastern European music with his choirs since his return to Iceland. *Lux æterna*, written in 2016, is also set to words from the Catholic Requiem tradition. The composer's interpretation of two words of the text is especially striking: midway through the piece, 'requiem'(rest) is heard on an unexpected diminished chord and 'lux' (light) shimmers in quivering repetitions from the singers, imitating the peculiar drumming sound of the common snipe.

Haukur Tómasson is one of Iceland's most eminent composers, known for his dynamic, colourful and energetic instrumental style. In 2004 he received the Nordic Council Music Prize, the greatest honour awarded to a Nordic composer, for the opera *Guðrún's 4th Song* (BIS-908), described by critics as 'overwhelming'. The same year he set music to the poem *Vor hinsti dagur* by Icelandic Nobel Prize winner Halldór Laxness (1902–98). This little piece is worlds apart from the composer's opera, but the topics are the same: love and regret, separation and death.

Norwegian composer and pianist **Ola Gjeilo** is one of the most popular contemporary writers of choral music. He has lived in the United States since he started studying at the Juilliard School in New York in 2001, and he is especially inspired by American musicians like the film composer Thomas Newman, pianist Keith Jarrett and guitarist Pat Metheny. *Sanctus: London* is a stand-alone mass movement written by Gjeilo in 2004 for the Oranienborg Vocal Ensemble in Oslo. The piece is ingeniously composed. Notice, for example, how the exclamation 'Hosanna in excelsis' is sung very softly when it first appears, but then with full volume and a semitone higher as it returns at the end of the piece.

Nú legg ég þér í lófa is an Icelandic translation by Sigurbjörn Einarsson (1911–2008) of *So nimm denn meine Hände*, a beloved hymn by Baltic German poet Julie Hausmann (1826–1901) which is often performed at funerals. According to legend Hausmann wrote

the hymn after travelling to meet her fiancé who was working as a missionary in Africa, only to find out upon arriving that he had just died. In Germany the hymn is usually sung to a melody by Friedrich Silcher but here it is heard in an unassuming setting by **Þóra Marteinsdóttir** from 2011.

Ubi caritas by Welsh composer and professor of composition **Paul Mealor** was commissioned by Prince William for his marriage to Catherine Middleton in Westminster Abbey on 29th April 2011. The text is an ancient hymn that has been attributed to Saint Paulinus, Patriarch of Aquileia in the late 8th century, the traditional melody, which echoes in Mealor's setting, probably stemming from the same time.

Choir member **Hafsteinn Þórólfsen** has performed as a singer for many years both on the classical scene and in popular music. He obtained a master's degree in rhythmic composition and songwriting with a focus on vocal music composition from the Royal Academy of Music, Aarhus in 2015. *Sofðu unga ástin mín* is his personal wordless interpretation of a popular Icelandic folk song usually sung to a poem from Jóhann Sigurjónsson's acclaimed 1911 play about the outlaw Fjalla-Eyvindur Jónsson and his wife Halla who roamed the highlands of Iceland in the 18th century. Halla sings this heart-breaking lullaby to her child before throwing it into a waterfall when the authorities approach their hiding place.

Björn Thorarensen is also a member of the choir, a versatile musician who works as a singer, choir conductor, pianist, arranger and composer. Here we hear Thorarensen's setting of the prayer *Agnus Dei* (Lamb of God) which has been part of the Catholic Mass liturgy from the 7th century. The music grows organically from Gregorian monophony into a many-voiced invocation. Note that both versions of the text can be heard simultaneously: the female voices pray for mercy and peace while the male voices invoke the prayer for eternal rest from the Requiem Mass.

Sigurður Sævarsson studied singing and composition at Boston University and gained his master's degree in both subjects in the spring of 1997. Vocal music comprises a large part of his oeuvre: operas, oratorios and smaller choral pieces. Sævarsson was a member of Schola Cantorum for several years and the choir has premièred many of his com-

positions, including this second setting of *Ave verum corpus* of the programme. The piece was written in 2018 and first performed in Hallgrímskirkja in Reykjavík in January 2019 conducted by Hörður Áskelsson. Sævarsson's musical language is modest and deliberate, the words always taking centre stage, the music forming a sounding board for the text and its message.

John Hearne is a British composer and choir conductor who lives and works in Scotland. He was a music teacher in Iceland for a while in the 1960s and became interested in the Icelandic folk melody heritage. In 1969 he made a choral arrangement of a melody that is usually sung to the stanza *Fagurt er í Fjörðum* by poet and vagabond Látra-Björg (Björg Einarsdóttir, 1716–84). The poem describes a place in Northern Iceland close to the author's home province and is a poignant snapshot of the beauty and transience of life.

The Song of Simeon from the second chapter of the Gospel of Luke, beginning with the words *Nunc dimittis* in Latin, has been used in the Divine Office of the church since the 4th century. The account of the elderly Simeon's encounter with the new-born Christ in the Temple in Jerusalem, and how he became reconciled with death, has been a perennial favourite with composers. **Pawel Lukaszewski** from Poland composed his version of the canticle in 2007 for the Choir of Trinity College, Cambridge, and its conductor Stephen Layton. It is written for mixed choir and a quartet of soloists who repeat the word 'Domine' (Lord) throughout the entire piece. This reiterated invocation has a mesmerizing effect, especially in the latter part of the piece when the choir sings about 'a light to lighten the Gentiles'.

The penultimate work on the recording is a second *In paradisum*, acting as an echo of the angelic choir earlier in the programme. It is composed by **Pärt Uusberg**, a young Estonian choir director and composer who has already gained much recognition at home and abroad. The piece was written in 2016 for Head Ööd, Vend, Uusberg's chamber choir.

It is not unfitting to end a programme about death with a work about sleep, sometimes called the brother of death. *Sleep* is one of the earliest compositions by American composer and conductor **Eric Whitacre**. The genesis of the work was troubled: in 1999 Whitacre

accepted a commission to write a commemorative piece to a poem by Robert Frost. The composition was premièred in October 2000 and soon garnered interest from many choir conductors. At this point, however, Whitacre learned that the poet's estate would not give him permission to use the poem for publication or performance. In an attempt to rescue his music from oblivion, Whitacre asked a friend, poet Charles Anthony Silvestri, to write a new text for the piece. Silvestri performed this delicate task in such a way that the listener might feel that the music and words came from the same pen.

© *Halldór Hauksson 2023*

Schola Cantorum Reykjavicensis was founded in 1996 by Hörður Áskelsson. From the very start the choir has played an important role on the Icelandic music scene with a repertoire consisting of Renaissance and baroque music on the one hand and contemporary music with special emphasis on Icelandic works on the other.

Schola Cantorum has given concerts across Europe, and in Japan and USA. In 2017 the choir was invited by the Los Angeles Philharmonic to perform at the Walt Disney Concert Hall during the orchestra's Reykjavik Festival. 2022 saw appearances at the Reykjavik Arts Festival, Oslo International Church Music Festival and Copenhagen's KLANG festival.

The choir's many recordings include the complete choral/orchestral works of Jón Leifs released on the BIS label. Schola Cantorum appears across the musical spectrum, in collaborations with artists such as Björk, Sigur Rós and Jóhann Jóhannsson as well as on the soundtrack of the video game *God of War*.

In 2007 Schola Cantorum was nominated for the Nordic Council Music Prize and in 2009 it was appointed Official Music Ensemble of the City of Reykjavík. The choir was named Performer of the Year at the 2017 Iceland Music Awards.

www.scholacantorum.is

Hörður Áskelsson studied music in Iceland before moving to Düsseldorf to study at the Robert Schumann Hochschule. He graduated *summa cum laude* as organist and cantor in 1981 and was appointed music director of Reykjavík's Hallgrímskirkja the following year. Also in 1982 he founded the Motet Choir of Hallgrímskirkja and initiated the founding of the Friends of the Arts Society of Hallgrímskirkja, two cornerstones of the artistic activities in the church. In 1987 he established the Festival of Sacred Arts, a biannual event on the cultural scene in Iceland, and in 1993 the concert series 'The Hallgrímskirkja International Organ Summer'. In 1996 Áskelsson founded the chamber choir Schola Cantorum. With his choirs Hörður Áskelsson has participated in various festivals and international competitions, winning prizes in Cork (Ireland), Noyon (France) and Gorizia (Italy). He has conducted many oratorios, often with the Iceland Symphony Orchestra, and premièred a number of Icelandic compositions. His performances have been recorded for radio and television and issued on numerous CDs.

In 2002 Hörður Áskelsson received the Icelandic Music Prize and in 2004 he received the Knight's Cross of the Icelandic Order of the Falcon. From 2005 to 2011 he served as director of music for the National Church of Iceland.

Arið 2016 kom út geisladiskur með kammerkórnum Schola Cantorum sem bar yfirskriftina *Meditatio* (BIS-2200). Diskurinn geymir tónlist af því tagi sem kórinn hefur sungið á tónleikum sínum á allraheilagramessu í árána rás, þar sem látinna er minnst. Tónverkin á þessum nýja geisladiski eru af svipuðum toga. Þau túlka hugsanir og tilfinningar mannsins gagnvart dauðanum á margvíslegan hátt, sum með hjálp aldagamalla texta úr sálumessuhefð kirkjunnar, önnur með nýrri kveðskap. Þau fjalla um sorg og söknuð á nærgættinn hátt og varpa birtu vonar og huggunar á slóð eftirlifenda. Verkin eru samin á 21. öld, með einni undantekningu, jafnt vestan hafs sem austan. Sjö íslensk tónskáld eiga tónverk á diskinum og eru fimm þeirra núverandi eða fyrrverandi félagar í Schola Cantorum.

Daniel Elder er einn af eftirtectarverðustu höfundum kórtónlistar í Bandaríkjunum. Hann segir um verk sín: „Ég forðast að leggja höfuðáherslu á mína eigin rödd – markmið mitt er að finna uppsprettu tilfinninganna sem höfundur textans orðaði.“ *Elegy* frá 2013 er byggt á stafi sem hefð er fyrir að leika á herlúður við útfarir og minningarathafnir á vegum bandaríska hersins. Þetta einfalda stef, byggt á tónum dúrþríhljómsins, sem má greina í söng þriggja sólósprana um miðbik verksins, er eignað Daniel Butterfield (1831–1901), herforingja í Þrælastríðinu. Textann er talið að Horace Lorenzo nokkur Trim (1849–1915) hafi samið.

Fyrsti fulltrúi kórsöngvaranna meðal höfunda efnisskrárinna er **Auður Guðjohnsen** sem starfar sem söngkona, kórstjóri og tónlistarkennari, en hefur einnig samið fjölda kórlaga. Árið 2019 tónsetti hún latneska 13. aldar altarisgöngusálminn *Ave verum corpus*, innilegt ákall til Jesú Krists um hjálp á dauðastundinni. „Verkið kom fremur hratt til mín, á einum eða tveimur dögum,“ segir Auður, „þótt umgjörð og raddsetning hafi tekið lengri tíma.“ Eins og víðar á þessum geisladiski má í þessu sex radda verki heyra enduróm frá tónlist fyrri alda blandast mildilega nútímalegu tónmáli.

Úkraínska tónskáldið **Galina Grigorjeva** er fædd í Simferopol á Krímskaga en hefur lengi búið og starfað í Eistlandi. Verk hennar, jafnt sungin sem leikin, eru innblásin af slavneskri sönghefð og tónlist Austurkirkjunnar auk fjölröddunar miðalda. *In paradisum* frá 2012 er samið við þann hluta kaþólsku sálumessulitúrgíunnar sem sunginn er þegar

lík hins látna er flutt úr kirkju. Textinn hefur löngum höfðað til tónskálda enda ræðir þar um söngkór engla sem tekur á móti sálinni í Paradís.

Höfundur næsta verks sækir innblástur frá svipuðum slóðum og Galina Grigorjeva. **Hreiðar Ingi Þorsteinsson** stundaði framhaldsnám í tónsmíðum og kórstjórn í Finnlandi og Eistlandi og heim kominn hefur hann lagt áherslu á flutning kórverka frá Austur-Evrópu með kórum sem hann hefur stjórnað. *Lux aeterna* er samið árið 2016 fyrir Barbrúkórinn í Hafnarfirði. Textinn er, eins og *In paradisum*, hluti af hinni kaþólsku sálumessuhefð. Tvö orð vekja sérstaka athygli í túlkun tónskáldsins: „requiem“ (hvíld), sem ómar í óvæntum minnkuðum hljómi um miðbik verksins og „lux“ (ljós), sem kviknar í sindrandi tifi söngvaranna sem á að líkja eftir hneggi hrossagauksins.

Haukur Tómasson er eitt af virtustu tónskáldum Íslendinga, þekktur fyrir afar kraftmikla, litrika og snarpa hljóðfæratónlist. Fyrir óperuna *Fjórða söng Guðrúnar* (BIS-908), sem lýst var af gagnrýnendum sem „yfirþyrmandi“, hlaut hann tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs, æðstu viðurkenningu sem veitt er norrænum tónskáldum, árið 2004. Sama ár samdi hann kórlag við ljóðið *Vor hinsti dagur* eftir Nóbelskáldið Halldór Laxness. Þetta litla verk er eins ólíkt hinni miklu óperu og hugsast getur en umfjöllunarefnið þó hið sama: ást og eftirsjá, skilnaður og dauði.

Norska tónskáldið og píanóleikarinn **Ola Gjeilo** er meðal vinsælustu höfunda kórheimsins um þessar mundir. Hann hefur búið í Bandaríkjunum frá 2001, þegar hann hóf nám við Juilliard-skólann í New York, og helstu áhrifavaldar hans eru bandarískir tónlistarmenn á borð við kvikmyndatónskáldið Thomas Newman, píanóleikarann Keith Jarrett og gítarleikarann Pat Metheny. *Sanctus: London*, stakur messukafli sem Gjeilo skrifaði árið 2004 fyrir Oranienborg Vokalensemble í Osló, er hugvittsamlega saminn. Upphrópunin „Hosanna in excelsis“ er til að mynda fyrst sungin ofurveikt en svo í fullum styrk og hækkuð um hálf tón þegar hún er endurtekin í lok verksins.

Nú legg ég þér í löfa er íslensk þýðing Sigurbjörns Einarssonar á *So nimm denn meine Hände*, þekktum sálmi eftir þýsk-baltnesku skáldkonuna Julie Hausmann (1826–1901) sem er oft sunginn við útfarir. Sagan segir að Hausmann hafi ort sálminn eftir að hafa ferðast til fundar við unnusta sinn sem var trúboði í Afríku en komist að því á leiðarenda að hann

væri nýlátinn. Í Þýskalandi er sálmurinn oftast sunginn við lag eftir Friedrich Silcher en hér hljómar hann við yfirlætislaust lag tónskáldsins **Þóru Marteinsdóttur** frá 2011.

Kórverkið *Ubi caritas* eftir velska tónskáldið og tónsmíðaprófessorinn **Paul Mealor** var pantað af Vilhjálmi Bretaprinsi og frumflutt við hjónavígslu þeirra Katrínar Middleton í Westminster Abbey 29. apríl 2011. Textinn er forn hymni sem hefur verið eignaður Pálinusi patriárka af Aquileia á seinni hluta 8. aldar og er sunginn við tón sem er líklega frá sama tíma og má heyrna í tónsetningu Mealors.

Kórfélaginn **Hafsteinn Þórólfsson** hefur starfað sem söngvari um árabíl jafnt á klassíska sviðinu sem í dægurtónlist en hann lauk meistaranámi í rytmískum tónsmíðum með áherslu á söngtónlist frá Tónlistarakademiunni í Árósum árið 2015. *Sofðu unga ástin mín* er orðlaus túlkun hans á samnefndu íslensku þjóðlagi við ljóð úr leikriti Jóhanns Sigurjónssonar um útilegumanninn Fjalla-Eyvind og konu hans Höllu sem þvældust um öræfi Íslands á ofanverðri 18. öld. Halla syngur þessa harmþrungnu vögguvísu yfir barni sínu áður en hún kastar því í foss þegar yfirvöld nálgast felustað þeirra.

Björn Thorarensen er einnig félagi í kórnum, afar fjölhæfur tónlistarmaður sem hefur komið víða við á ferli sínum sem söngvari, stjórnandi, hljómborðsleikari, útsetjari og tónskáld. Hér hljómar tónsetning hans á bæninni *Agnus Dei* (Guðs lamb) sem hefur verið hluti af kaþólskri messugerð frá 7. öld. Tónlistin vex á eðlilegan hátt úr gregórskri einróddun yfir í margradða ákall. Athygli vekur að Björn notar báðar gerðir textans, kvenraddirnar biðja um miskunn og frið á meðan karlarnir flytja bænina um eilífa hvíld úr kaþólsku sálumessunni.

Sigurður Sævarsson nam söng og tónsmíðar við Boston-háskóla og lauk meistaraáráðu í báðum greinum árið 1997. Söngtónlist er fyrirferðarmikil á tónverkaskrá hans, þar má finna óperur, óratóirur og önnur kórverk. Sigurður söng um árabíl í Schola Cantorum og kórinn hefur frumflutt mörg verka hans. Það á einnig við um seinni túlkunina á hinum sígilda altarisgöngusálm *Ave verum corpus* á þessari efnisskrá. Verkið var samið árið 2018 og frumflutt í Hallgrímskirkju í janúar 2019 undir stjórn Harðar Áskelssonar. Tónmál Sigurðar er högvært og yfirvegað, textinn ávallt í fyrirrúmi og tónarnir eins og hljómbotn fyrir innihald hans og boðskap.

John Hearne er breskur tónsmiður og kórstjóri sem hefur lengst af starfað í Skotlandi. Hann stundaði um tíma tónlistarkennslu á Íslandi á sjöunda áratugnum og hreifst af hinni íslensku þjóðlagaarfleifð. Árið 1969 útsetti hann lag sem sungið er við vísuna *Fagurt er í Fjörðum* eftir skáldið og förukonuna Látra-Björgu (Björg Einarsdóttir, 1716–1784). Vísan er ort um Fjörður á Flateyjarskaga í Þingeyjarsýslu og er snilldarleg örmynd af feruð og hverfuleika lífsins.

Lofsöngur Simeons úr 2. kafla Lúkasarguðspjalls, sem hefst á orðunum *Nunc dimittis* á latínu, hefur verið hluti af tíðasöng kirkjunnar allt frá 4. öld. Frásögnin af því þegar hinn aldni Simeon sér hinn nýfædda Jesú í musterinu í Jerúsalem og sættist við tilhugsunina um dauðann hefur löngum verið tónskáldum hugleikin. Þólverjinn **Pawel Łukaszewski** samdi sína gerð af lofsöngnum árið 2007 fyrir kórinn í Trinity College í Cambridge og stjórnandann Stephen Layton. Verkið er skrifað fyrir blandaðan kór og kvartett einsöngvara. Hinir síðarnefndu syngja í sífellu orðið „Domine“ (Drottinn) og þetta endurtekna ávarp nær dáleiðandi áhrifum, sér í lagi í seinni hluta verksins þegar kórinn syngur um „ljós til opinberunar heiðingjum“.

Undir lok efnisskrárinnar hljómar annað *In paradisum*, eins og endurómur af englasöngnum fyrr á geisladiskinum. Höfundur þess er **Pärt Uusberg**, ungur eistneskur kórstjóri og tónsmiður sem hefur þegar vakið athygli heima og heiman og hlotið fjölda viðurkenninga. Verkið var samið árið 2016 fyrir kammerkór höfundarins, Head Ööd, Vend.

Það er ekki óviðeigandi að ljúka efnisskrá sem hverfist um dauðann og viðbrögð við honum á verki sem fjallar um svefninn, bróður dauðans. *Sleep* var eitt af fyrstu verkunum eftir bandaríska tónskáldið og stjórnandann **Eric Whitacre** sem vöktu verulega athygli. Ekki gekk þó þrautalaust að koma verkinu á framfæri. Haustið 1999 kom söngkona að máli við Whitacre og bað hann um að setja tóna við ljóð eftir Robert Frost til minningar um foreldra hennar. Whitacre tók verkefnið að sér og var tónverkið frumflutt í október árið 2000. Fljótlega fóru Whitacre að berast fyrirspurnir frá áhugasömum kórstjórum sem vildu flytja verkið en þegar hann hugðist gefa það út kom í ljós að erfingjar Frosts meinuðu honum að nota ljóðið. Til að tónverkið sofnaði ekki svefninum langa kom Whitacre að máli við vin sinn, skáldið Charles Anthony Silvestri, sem orti nýjan texta

við hið tilbúna tónverk á þann hátt að halda mætti að orð og tónar væru runnir úr sama penna.

© *Halldór Hauksson 2023*

Kammerkórinn **Schola Cantorum** var stofnaður 1996 af Herði Áskelssyni. Kórinn hefur allar götur síðan verið atkvæðamikill í íslensku tónlistarlífi og sungið gamla tónlist endurreisnarinnar og baroktímans annars vegar og hins vegar samtímatónlist með sérstakri áherslu á frumflutning á verkum íslenskra tónskálda.

Schola Cantorum hefur haldið tónleika víðsvegar um Evrópu en einnig komið fram í Japan og Bandaríkjunum. Árið 2017 bauð Los Angeles Philharmonic kórnum að syngja ferna tónleika í Walt Disney Concert Hall á Reykjavík Festival. Árið 2022 kom Schola Cantorum fram á KLANG tónlistarhátíðinni í Kaupmannahöfn og Alþjóðlegu kirkjutónlistarhátíðinni í Osló auk Listahátíðar í Reykjavík.

Schola Cantorum hefur sent frá sér marga geisladiska sem endurspegla efnisskrá kórsins í gegnum tíðina þar sem mest fer fyrir kórtónlist án undirleiks. Einnig syngur kórinn í heildarútgáfu á kór- og hljómsveitarverkum Jóns Leifs á vegum sænsku útgáfunnar BIS.

Schola Cantorum hefur í gegnum tíðina komið að fjölbreytilegum verkefnum í félagi við listafólk á borð við Björk, Sigur Rós og Jóhann Jóhannsson auk þess að syngja inn á tölvuleikinn *God of War*.

Árið 2007 var Schola Cantorum tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs eftir að hafa verið valinn tónlistarhópur Reykjavíkur árið áður. Kórinn var svo útnefndur tónlistarflytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2017 í flokki sígildrar og samtímatónlistar.

www.scholacantorum.is

Hörður Áskelsson stundaði tónlistarnám á Akureyri og í Reykjavík og lauk framhaldsnámi frá Robert Schumann Hochschule í Düsseldorf í Þýskalandi árið 1982. Sama ár kom hann til starfa hjá Hallgrímskirkju þar sem hann starfaði sem organisti og kantor í tæp 40 ár.

Þar gegndi hann lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs kirkjunnar og stóð meðal annars að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kirkjulistahátíðar og Alþjóðlega orgelsumarsins.

Árið 1982 stofnaði Hörður Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola Cantorum árið 1996. Með kórunum hefur hann flutt margar helstu perlur kórbókmenntanna með og án undirleiks auk þess að frumflytja fjölmörg verk íslenskra tónskálda. Kórarnir hafa undir stjórn Harðar unnið til verðlauna í alþjóðlegum kórakeppnum á Spáni, Ítalíu, Frakklandi og Írlandi. Hörður hefur haldið tónleika sem organisti víða í Evrópu svo sem í Kölnardómkirkju, París og Sankti Pétursborg. Jafnframt hefur Hörður kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar auk þess sem hann gegndi embætti söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar árin 2005–2011.

Hörður Áskelsson hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi og má þar nefna Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2001, riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann borgarlistamaður Reykjavíkur 2002.

